



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

STARFSLEYFI

Orka náttúrunnar ohf.

Jarðboranir

Vinnsluhola NJ-34

áætluð hnit X=388917,07 Y=401267,96

Nesjavallavirkjun, L170925

805 Grímsnes- og Grafningshreppi

Nafn og kt. rekstraraðila: Orka náttúrunnar ohf., kt. 4711190830
Heimilisfang: Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Útgáfudagur: 10. júní 2024

Gildir til: 31. desember 2024

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir Orku náttúrunnar vegna tímabundinnar mengandi starfsemi - Jarðboranir
dags. 10. júní 2024**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnst með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út tímabundið til 31. desember 2024 en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 10. júní 2024

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

2403088HS



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir tímabundna mengandi starfsemi - jarðborun

Orka náttúrunnar ohf.

kt. 4711190830

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir borun uppbótar vinnsluholu NJ-34 á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar á Nesjavöllum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Áætluð hnit borholunnar eru X=388917,07 Y=401267,96.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um um úrbætur.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- 1.5 Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins er varðað getur ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og edlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láds eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar



breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati embættisins, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.

- 1.7 Sækja skal um endurnýjun á starfsleyfi áður en gildandi starfsleyfi rennur út. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti þegar starfsemi er hætt.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, þegar rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemi hætt.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. UMHVERFI

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á tímabundnum framkvæmdasvæðum sé gætt fyllsta hreinlætis og að umhverfi sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfsemi tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan framkvæmdasvæðisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfsemi safnist fyrir á framkvæmdasvæðinu.
- 2.4 Við framkvæmdir og/eða flutning efna innan svæða sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum og/eða ákvæðum aðalskipulags, s.s. vegna náttúru-, vatns- og/eða hverfisverndar, skal starfsleyfishafi gæta sérstakrar varúðar og gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að koma í veg fyrir óæskileg og/eða óafturkræf áhrif á umhverfi og/eða lífríki af völdum starfseminnar.
- 2.5 Starfsleyfishafa er skylt að ganga þannig frá öllum tímabundnum framkvæmdasvæðum að þau séu færð sem næst upprunalegu ástandi og að þau séu ekki til varanlegra lýta í umhverfinu.
- 2.6 Losun á borsvarfi, borefnum og skolvökva á yfirborð er óheimil. Ef ekki er hægt komast hjá tímabundinni losun á yfirborð, skal starfsleyfishafi sjá um að slík losun standi yfir í sem skemmstan tíma, valdi sem minnstum áhrifum á umhverfi og lífríki og myndi hvorki varanlegar tjarnir né læki á yfirborði. Starfsleyfishafi skal lagfæra þær skemmdir á gróðri og umhverfi sem verða við losunina.



3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun loftslags, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarnarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaráhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í lofti, jarðveg, yfirborðsvatni, grunnvatni eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Starfsleyfishafi skal koma fyrir viðeigandi mengunarnarbúnaði vegna starfsemi á tímabundnum framkvæmdasvæðum, þ.m.t. búnað til að hreinsa borsvarf og önnur efni sem koma upp á yfirborð við jarðborun. Eftir því sem við á skal framkvæmdasvæðið heild eða hlutar þess lagt vökvaheldum jarðvegsdúk með afrennsli tengdum við olíuskilju. Úrgangsefnum úr mengunarnarbúnaði skal flytja til förgunar á móttökustaði með starfsleyfi fyrir móttöku á slíkum úrgangi.
- 3.4 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Úrgangur

- 3.5 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.6 Úrgangur skal flokka eftir því sem tölur eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.7 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgangur skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatni, grunnvatni, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 3.8 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.9 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum



móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

Meðferð efna

- 3.10 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.11 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.12 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.13 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

Meðferð olíu og frágangur olíugeyma

- 3.14 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.15 Olíugeymar skulu staðsettir á afmörkuðu svæði utan akstursleiða og þannig frá þeim gengið að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar. Neyslugeymir til áfyllingar á farartæki skal útbúinn yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingarvörn og afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu jafnframt þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

- 3.16 Um meðferð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, þ.m.t. rafknúinn rofabúnaður díeselknúinna aflvéla sem inniheldur SF₆, fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með slíkum búnaði skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013 m.s.br.

Hávaði

- 3.17 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Loftmengun

- 3.18 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og



lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.

Fráveitur

- 3.19 Fráveita frá starfsmannaaðstöðu, sé hún til staðar, skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- 3.20 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

4. EIGIÐ EFTIRLIT OG SKRÁNINGAR

- 4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
 - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
 - tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
 - skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

5. TILKYNNINGASKYLDA

- 5.1 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill, sbr. gr. 3.2.

6. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 6.1 Starfsleyfi þetta er veitt tímabundið til **31. desember 2024** í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 6.2 Starfsleyfishafi greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 10. júní 2024

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Orka náttúrunnar

kt. 4711190830

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

vegna borunnar uppbotar vinnsluholu NJ-34 á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 21. mars sl. umsókn Magneu Magnúsdóttur, kt. 1606773259, f.h. Orku náttúrunnar, kt. 4711190830, um starfsleyfi fyrir jarðborun á vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Um er að ræða nýtt tímabundið starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem fram koma, eftir því sem við á hverju sinni, ákvæði um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir svo og rekstur og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 4. apríl sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita Árnessýslu. Þann 10. júní sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið, ásamt afriti af framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni.

3. Málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Djúpborun á vinnsluholum á háhitasvæðum er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. tölulið 2.04 í 1. viðauka með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar við borun vinnsluholu NJ-34 við Nesjavallavirkjun, Grímsnes- og Grafningshreppi, dags. 14. mars 2024, liggur fyrir. Þar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og skal því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur þó að mikilvægt sé að vinna áfram markvisst að mótvægisáðgerðum og að áhrif virkjunarinnar á grunnvatn og Þingvallavatn verði vöktuð auk þess sem að í leyfisveitingum verði ákvæði um eftirlit með losun skolvatns í fráveitu og að virkni sandskilja og pyttis verði sem skyldi. Jafnframt leggur stofnunin áherslu á að framkvæmdaraðili viðhafi það verklag sem hann hefur tileinkað sér til að koma í veg fyrir finnanlega skjálftavirkni skv. viðbragðsáætlun.

Í kafla 2 í starfsleyfisákvæðum fyrir Nesjavallavirkjun, útgefnum 31. ágúst 2021, eru ákvæði er varða vöktun áhrifa virkjunarinnar á grunnvatn og Þingvallavatn sem og vegna brennisteinsvetnis. Í gr. 2.6, 3.1, 3.2 og 3.3 í starfsleyfisákvæðum vegna borunnar vinnsluholu NJ-34 eru ákvæði er varða losun skolvatns, mengunarvarnaráætlun og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir jarðborun á vegum Orku náttúrunnar á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 4. apríl sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 2. maí sl.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

7. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 235. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 6. maí sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Orku náttúrunnar tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út tímabundið til 31. desember 2024 að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfseminu verið gefið út í samræmi við ofangreint.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 10. júní 2024.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi